Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréf til og málefni bæjarstjórnar1859-1862

Aðfnr. 5208, 6. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi, dags 16. þ.m. hefir bæjarfulltrúunum þóknast, að koma fram með ýmislegar athugasemdir, er áætlun fátækranefndarinnar yfir tekjur og útgjöld árið 1863 hefir gefið tilefni til.

Fátækranefndin lætur þess fyrir fram getið að henni hefir verið næsta geðfellt að fá þessar athugasemdir bæjarfulltrúanna, þareð því, þó að fátækranefndin í öllu kunni ekki í öllu að vera þeim samdóma, bæði við það hefir fengið tækifæri til að segja álit sitt og á hinn bóginn treystir því, að áminningin verði til að styrkja samband og innbyrðis traust þessara nefnda sem standa í svo nánum viðskiptum.

Vjer viljum því fyrst láta í ljósi, að vjer getum ei fallist á skoðun bæjarfulltrúanna að hinar óvissu tekjur fátækrasjóðsins sje oflágt metnar með 35 rd. og verðum vjer að taka fram:

1. Lögskipuð fátækragjöld Stiptamtmanns og biskups verða eigi metin hærra en vjer höfum gjört, því þó að vjer fulltreystum því að herra biskupinn láti fátækrasjóðinn njóta sinnar örlyndrar og höfðinglegrar gjafar og hingað til þá er mjög efasamt hver afdrif verði með tilliti til sama gjafastyrks frá hinum setta stiptamtmanni. – Þannig hefir herra Etatsráð Th. Jónasson lýst því yfir í blaðinu Íslendingi að tillag þetta ekki gæti numið meiru en frá 5–10 rd. á ári og að bæjarfulltrúarnir hefðu átt að gefa fátækraútsvar á hann; fátækranefndin hefir því krafist þess af honum með brjefi, dags. 12. þ.m. og ítrekað árangurslaust

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[hvort] þann 22. þ.m., að hann annaðhvort:
1, skipi bæjarfulltrúunum að sýkna þessu gjaldi á hann fyrir undanfarin tvö ár og framvegis.
2, eða þá, eins og fátækranefndin heldur að hyggilegt veiti fátækrasjóðnum sæmilega gjöf fyrir sama tíma.

Kjósi hann fyrri kostinn rennur leigan inn í bæjarsjóðinn og yrði þá áætlun fátækranefndarinnar ranng ef þessi leiga væri þar talin, en ~~ranng~~, með því að þessi litla leigugrein, er ekki verður metin meira en 15 rd. á ári eptir prentaðri yfirlýsingu hins setta Stiptamtmanns ekki ugglaust kann að renna inn í fátækrasjóðinn hefir fátækranefndin metið óvissar leigur svo lagt.

2. Sektir þær er fátækrasjóðnum tilfalla eru mjög svo óvissar og verður tæplega gjörð nein áætlun um þær, þannig hefir fátækrasjóðnum þetta árið tilfallið mjög lítið af slíkum gjöldum að oss er kunnugt ekki meira en 7–8 rd.

3. Uppboðsandvirði fyrir seldar reitur sveitarómaga

Það er sjálfsagt, að fátækrasjóðnum verður einungis talið til inngjalda það af afleysum af andvirði ómagareitanna sem umfram er útför og kemur til afborgunar, á styrk sem ekki er veittur á sama ári og ómaginn deyr, og virðist þetta vera samkvæmt góðri reikningsfærslu. Vjer viljum láta þess getið, að tekjur eptir seldar reitur sveitarómaga um undanfarin ár hafa orðið svo miklar af því að ekki hefir verið dregið frá það sem hefir verið varið til greptrunar hvers einstaks af þeim og sem borgað hefir verið aptur inn í fátækrasjóðinn á sama ári, en gagnstætt því að vorri áliti rjettari framgangsmáta hefir verið fylgt árið 1861, og frá því sem varið hefir verið til greptrunar sveitarómaga dregið það sem inn hefir komið fyrir seldar reitur þeirra og af því hið tilfallna ekki hefir hrokkið til er ekkert sett til inngjalda, sem inn komið af slíkri leigugrein.

Af þessu leiðir, að ef að bæjarfulltrúarnir ekki álíta þessa aðferð að vera rjetta, þá verður að ~~telja~~ hækka áætlunina fyrir hin óvissu útgjöld með sömu upphæð eins og óvissar leigur verða hækkaðar með því sem inn kemur fyrir seldar reitur ómaganna.

Vjer verðum því að halda því fram, að hinar óvissu leigur í áætlun vorri verði ei færðar upp.

Þarnæst er gjörð sú athugasemd, að í áætlun fátækranefndarinnar hefði átt að tilfæra með 60 rd. inntekt afslátt þann sem væntanlegur sje frá kaupmanni Fischer á þeim nauðsynjavörum, er [?] hann kann að láta úti á þurfir fátækrasjóðsins á næstkomandi ári.

Það mun eigi verða ráðgjört að þessi afsláttur verði til svo mikils hagnaðar fyrir fátækrasjóðinn, því fyrst og fremst var ekki skuldbinding Fischers að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

láta naudsynjavörur úti lengur en til þinniloka næsta ár, og þarnæst verdur ad taka til greina, ad mestur hluti af ómagafúlgunum gengur ekki til ómaganna sjálfra heldur til þeirra húsbænda, er halda þá, og verda þeir ei skyldadir til þess, ad taka ámóti fúlgu þeirri, er þeim ber í naudsynjavörum hjá Fischer heldur verdur ad borga þeim á um samin hátt, eda eins og þá er samid, ul. í peningum Það er því einungis vid því ad búast, ad því nær eingöngu þeir sem fá styrk lagdan til þeirra sjálfra kunni geta unnid fátækrasjódnum í hag med verzlun vid Fischer en hinir ekki ad ödru leyti en því sem þeim sjálfum líkar og látum vjer þess getid, ad fátækragjaldkerinn, hver sem hann verdur mun stydja til þess, ad þessi samningur verdi fátækrasjódnum til sem mestra hagsmuna.

Vjer teljum sem fullvíst ad ekki sje ætlandi ad Factor Fischer muni láta meira í sje til fátækrasjódsins hinn fyrri helming ársins en 250 rd. til 300 rd. og höfum vjer ekki talid vonanlegan ágóda af þessu á ætlunina, þareð hann mundi svo lítill og samningur þessi einungis er gjördur til reynslu medfram til þess ad hægra verdi ad fá fátækragjaldkera til næsta árs svo ad ef til þess þyrfti ad koma ekki yrdi alveg ódgengilegt fyrir adra en kaupmenn ad taka gjaldkerastörfin á hendur

Eptir þessu virdist oss ekki rádlegt, ad ætlun fátækranefndarinnar sje minnkud, enda sýnir reynslan, ad ætlanir nefndarinnar hingadtil hafa alltaf verid svo úr gardi gjördar, ad þær ekki hafa nád heim.

Fátækranefndin getur ekki annad en verid samdóma í því, ad það hefdi verid öllu rjettara í sjálfu sjer, ad hún hefdi leitad aukafjárveitingar hjá bæjarfulltrúunum í stad þess ad taka til innstædunnar, og mun verda tekid til íhugunar, ad vid hafa fullkomnari adferd í því efni en hingadtil hefir verid gjörd. — Ad því leyti loksins er skýrskotad til adstodar bæjarfógetans í þessu efni þá lætur bæjarfógeti A Thorsteinson þess getid, ad innstæda fátækrasjódsins ekki hefir skerzt frá því ad jeg tók vid bæjarfógeta embættinu og ad bædi jeg sem og nefndin framvegis munum láta oss umhugad ad sjá um, ad sem mest verdi hjá því komist, ad gengid sje fram yfir ætlunina, en hjá þessu er ekki alltaf hægt ad komast.

Til þess ad geta haft betra eptirlit á þessu en hingad til hefir verid, mun nefndin reyna ad koma því fyrirkomulagi á, ad fátækragjaldkerinn eptirleidis semji ágrip yfir tekjur og útgjöld fátækrasjódsins á hverjum 3 mánudum, svo ad formadur fátækranefndarinnar, ~~sem og nefndin sjálf~~ sem hefir á hendi afgreidslu hinna mörgu daglegu fátækramálefna sem og nefndin sjálf geti haft betra yfirlit yfir tekjur og útgjöld.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loks hefir ýmislegt verið leitt fram um hið mikla lánsfje, er fátækrasjóðurinn á útistandandi og mun nefndin taka það til greina að svo miklu leyti mögulegt er. Þingaðtil hefir verið gjört talsvert til þess að ná inn útistandandi lánum fátækrasjóðsins hjá öðrum hreppum, bæði með því að krefja hlutaðeigandi sveitarfjelög, leita aðstoðar sýslumanna, Stiptamtsins o.s.frv. enda þykist nefndin sjá framá, að ef ekkert lagast í þessu efni sje ekki annað tiltækilegra en að leita tilhlutunar lögstjórnarinnar og mun þetta verða gjört ef við þarf á næstkomandi ári.

Vjer getum þess, að vjer vörum hinna bágbornu kringumstæða þurfamannanna ekki höfum sjeð oss fært að ná inn mjög miklu af þeim lánum sem veitt hafa verið þeim mönnum, er hjer eiga framfærishrepp og hefði harðari aðganga í þessu efni ef til vill á stundum ekki gjört annað en bakað sveitarsjóðnum enn meiri þyngsli af þurfamönnunum. Á hinn bóginn verður og að taka fram, að þeirri reglu hefir verið fylgt að veita heldur styrk sem lán heldur en beinlínis ómaga framfæri þar sem nokkra jafnvel minnstu von hefir mátt hafa til að fá þann veitta styrk aptur, og getum vjer ei sjeð betur en að þessi regla sje alveg rjett, auk þess að það gefur gott og nákvæmt yfirlit á því, hvað hverjum hefir verið veitt, og er þessi regla því þýðingarmeiri sem reynslan hefir sýnt, að of mikil sjálfsemi áður að strika lán út úr eptirstöðvunum hefir ollað bæði óvissu og villu fyrir þá sem að komast eptir hinu rjetta, jafnvel til skaða fyrir fátækrasjóðinn, en með þessari aðferð þó upphæð lánanna falli í augum sem gífurleg, veitist nægileg trygging og hefir enga aðra afleiðing en að nokkur útgjöld, sem rammskje eins vel hefði mátt telja sem beinlínis framfærisstyrk eru talin sem lán með lítilli tryggingu eða vonum aptrborgun, en sem er þó betra en ekkert.

Vjer væntum þess, að þessar upplýsingar frá nefndinni verði teknar til greina, en að því leyti bæjarstjórnin álít fyrir það nauðsyn að finna tilefni til þess, að setja niður áætlun þá, er vjer höfum samið, áskiljum vjer oss að mega á sínum tíma beiðast annara fjárveitinga ef þess skyldi gjörast þörf.

Í fátækrastjórn Reykjavíkurkaupstaðar 27. Decemb. 1862.

O. Pálsson A. Thorsteinson C. O. Robb J. Skaptason Jón Þórðarson

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir að eg í tilefni af bréfi Ydar hafdi reynt til að útvega sem nákvæmlegastar upplýsingar um óheimila móupptekt allmargra innbúa Seltjarnarneshrepps, hafa þeir lýst því yfir við mig að þeir æskja þess án málssóknar að svara skadabótum, og í því tilefni hefi eg skrifað hreppstjóra Ó. Guðmundssyni á Mýrarhúsum bréf er medfylgir í eptirriti.

Eg vænti þess að hinir heidrudu bæjarfulltrúar fallist á adgjördir mínar í þessu efni, og í trausti þess vil eg leyfa mér að fara fram á að Ydur mætti þóknast á næstkomandi miðvikudegi, annaðhvort sjálfum eða einhverjum einstökum er þér kynnuð að kjósa til þess úr Ydar flokki, að vera viðstaddir svoað sá samningur er þá kynni að gerast við þá er hafa gjört sig seka að hinni umgetnu óheimulu móupptekt, með sama

einnig verdi samþykktir af Gjafa-
bréfi, og virdist mèr þetta, þarsem kringum-
stædurnar hljóta ad ráda svo miklu
um málalyktirnar: t. a. m. undirtektir hlutad-
eigandi ~~m~~. ff. vera öllu haganlegra, en
ad fyrirfram sé alveg ákvedid ad hvérjum
sáttabodum skuli ganga.

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 10 Decbr 1862

A. Thorsteinson

Til
Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kringum
hi
hlutar
en
rpjum

1862

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Með brjefi dags. 26 Oct. þ.á. hefi jeg skorað á yður, herra hreppstjóri, að tilkynna nokkrum tilgreindum búendum í Seltjarnarneshreppi, að jeg ef að þeir ekki innan útgöngu Octobr þ.á. hefði borgað fyrir óheimila móupptekt þeirra í Reykjavíkur landi á síðasta sumri, mundi höfða sök gegn þeim fyrir þetta afbrot til refsingar og fullra skaðabóta fyrir heimildarlaust landnám í jörðu annari að sjálfum eigendum al- og fornspurðum.

Því nær allir þeir, er jeg hefi tilnefnt sem sekir að þessari heimildarlausu mó-upptekt hafa nú átt tal við mig og látið í ljósi fyrir mjer að þeir mundu góðfúslega án lögsóknar vilja svara til afbrots þessa, en þareð jeg hefi óskað þess að málefni þetta mætti verða útkljáð við þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alla í sameiningu, hafa þeir tjáð mjer, að þeir fyrir sitt leyti segi, að tveir af þeim tilnefndir menn semdi um málalyktir við mig fyrir þá alla í sameiningu og í því tilefni einkum stung-ið uppá því, að þeir mundi fá yður og dannebrogsmann Á. Finnbogason til þess að útkljá málefni þetta við mig.

Jeg hefi nú ekki eptir því talsverðan um-liðinn tíma, getað orðið þess áskynja, að menn þessir hafi gjört nokkra gangskör að því, að koma á þessum málalyktum og læt jeg yður því vita, að jeg set mönnum þessum eptirfylgjandi kosti.

1. Að þeir allir sæki fund minn á skrifstofu minni miðvikudaginn þann 17. þ.m. á hádegi annaðhvort sjálfir eða með umboðsmönnum fyrir sína hönd og samningalega semji við mig um skaða-bæturnar.

2. Lýsi jeg því yfir að jeg sama dag að kvöldi muni gjöra gangskör að því, að þeim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bert mál mundi verða höfðað gegn þeim sem eiga hlut að máli og ekki semja við mig á hinum umgetna tíma.

Þareð fyrir kostnaðinum í öllu tilliti er til mjög mikilla hagsmuna fyrir hlut-aðeigendur en hinn síðari mun leiða til mjög mikils kostnaðar fyrir þá og á-byrgðar, leyfi jeg mjer að vonast að þjer viljið svo vel gjöra og stuðla til þess að málefni þetta megi sem fyrst verða til lykta leitt á sem hagan-legastan hátt.

Loks ljet jeg þess í tilefni af fyrnefndu brjefi yðar getið, að jeg frá-fjelli öllum sakargiptum gegn Einari í Bollagörðum fyrir óheim-ila móupptekt, en jeg hefi aptur orðið þess áskynja, að Einar nokkur í Bygg-garði muni hafa á síðastl. sumri tekið upp mó heimildarlaust í Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landareignir.

Skrifstofu bæjarfógeta. Reykjavík 10. Dec 1862

A. Thorsteinson

S. T.

Herra hreppstjóri O. Guðmundsson

Mýrarhúsum

— " — " — " —

rétt eptirrit vottar

A. Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í dag hefi jeg meðtekið frá Stiptamtmanninum yfir Íslandi svolátandi brjef, dags. 4. þ. m.:

„Í yðar þóknanlega brjefi frá í dag hafið þjer, Herra Bæjarfógeti eptir þartil gefnu tilefni frá oddvita bæjarfulltrúanna óskað upplýsinga um það, hvern árangur leitt hafi og leiða kunni af uppástungu bæjarstjórnarinnar, er Stiptamtinu var send á næstliðnu vori til að koma henni til stjórnarinnar, viðvíkjandi láni, sem stungið var uppá, að bæjarstjórnin skyldi taka og síðan verja eins og í brjefinu er tekið fram til að borga þau útgjöld til bæjar- og sveitarþarfa, sem falla í fyrri hluta hvers reikningsárs eða frá 1. Jan. — 30. Juni. —

Útaf þessu undanfelli jeg ekki hjermeð þjenustusamlega að skýra yður frá, að bæjarstjórnarinnar hjeraðlútandi uppástunga er send stjórninni, eins og til var ætlast, snemma á næstl. sumri, en jeg hefi enn þá ekkert svar fengið viðvíkjandi málinu síðan og get ekki sagt nær það verður nje heldur hvenær undirtektir málið muni fá hjá stjórninni“.

Og læt jeg ekki bjálíða hjermeð að gefa yður —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þat þóknanlega til kynna.
Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 5. Dec. 1862.

A Thorsteinson

Til
Hon. Yfirrjettarmálsfærslumanns J. Guðmundssonar
sem formanns bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Niðurlag

af bréfi bæarstjórnarinnar til Stiptamtsins dagś. 17 Marts 1862.

Af þessum ástæðum höfum vér í einu hljóði afráðið að skjóta því til Stiptamtsins þóknanlegra meðmæla að Lögstjórnarinnar samþykkis verði leitað til þess að Reykjavíkurbæ verði leyft að taka 400rd lán til að standast kostnað barnaskólans fyrra part ~~ársins~~ árs þessa með þessum skilmálum

1. Að af láni þessu verði leigur goldnar með 4% og verði sagt upp af viðkomendum í 11te júní gjalddaga ár hvert með ½ árs fyrirvara

2. Að þessu láni megi að eins verja til að standast kostnað skólans fyrri part ársins þangað til nógir peningar eru komnir inn í bæarsjóð til þess að borga kostnað þenna með, sem og að bæarstjórnin hafi gætur á að þessir 400rd sé við árslok hver til í fjárhyrzlu bæarins í peningum, og verði varið til að afborga kostnað þann er af skólahaldinu leiðir, byrjun næsta árs og sé jafnan haldið fyrir utan áætlan næsta árs.

900 rd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

af bréfi bæarstjórnarinnar til Stiptamtsins dags. 23 April 1862.

Með bréfi dags. 17 f.m. höfum vér farið þess á leit við hið háa Stiptamt að nauðsyn bæri til sökum hinna sérstöku kringumstæða er hér eiga sér stað við endurgjöfum bæargjaldanna og skatt heimtunnar hér í bænum, sem ekki verða burt-rýmdar nema með sérstökum lagaboðum, að bærinn fengi að taka 400rd lán, og skyldi þessir 400rd vera bæarsjóði til styrktar fyrri helming árs hvörs, svo hann geti staðist þann kostnað sinna útgjöld í barnaskólans þarfir, þegar hann væri kominn á fót, en þaramóti skyldi fé þetta vera til í bæarins fjárhyrzlu við lok árs hvörs.

Á sama hátt höfum vér og ekki alls fyrir laungu snúið oss til hins háa Stiptamts útaf því að fé það er var í sjóði hjá bæargjaldkeranum við síðustu árslok hérumbil 400rd hefir reynst næsta ónógt til allra útborgana, sökum hinna töluverðu útgjalda, sem fátækra forsörgunin krefur í þessum harðinda árum, og vonum vér að hin háa Stipt-amts þóknist, að beita þeim meðölum er það kynni að hafa ráð á til að koma máli þessu í svo eiginlegt horf, að hjálp-vandræði þau sem á hafa verið áður fyrirkomulagi þessa máli, og nú aukast meir og meir með því að áætlun yfir tekjur og útgjöld bæarins — framkvæmd hennar annarsvegar og hinsvegar innborgun bæargjaldanna standa í svo öfugu sambandi hvert til annars, að bæargjaldkera ekki er mögulegt að koma jöfnuði á útgjöld og tekjur fyrren í árslokin, og hefir þetta opt áður leitt til þess að bæar-gjaldkeri hefir orðið að lána bæarsjóði af eigin fé og orðið að bíða eptir endurgjaldi þess, nokkurn hluta ársins þangað til tekjurnar hafa verið komnar inn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því ekki er líklegt að vankvæðum þessum ætti að linna að svo komnu, og mun því verða að reyna að koma í veginn fyrir þau þannig að sem minnstur óhagur hlytist af því fyrir bæinn, þá höfum vér íhugað mál þetta, og verðum hérmeð að leyfa oss að skjóta því til hins háa Stiptamts, hvort það mundi ekki vera tiltækilegast að bæarstjórnin reyndi til að afla sér fjár nokkuri sem grípa mætti til, þegar er kringumstæðurnar gjörðu það nauðsynlegt án þess að bæinn þarvið liði nokkurn peningamissi, og skyldi verja fé þessu til að standast kostnað þann er bæarsjóður kynni þurfa að greiða um stuttri tíma einkum fyrri hluta árs hvörs er á slíku fé þyrfti að halda, þangað til tekjur bæarins seinni hluta ársins væri innkomnar í bæarsjóðinn.

Vér ætlum að bezt mundi menn mundi bezt geta komið þessu í hið umrædda horf, ef bæarstjórninni yrði leyft móti veði í fasteignum bæarins að taka lán er svarað yrði af vöxtum með 4 af hundraði árlega, og mundi lánsupphæðin eptir sem reynst hefir orðið á í seinni tíð vera hæfilega tiltekin með 800 rd og ætti að koma láni þessu í rentuberandi óuppsegjanleg konungleg skuldabréf er hljóðuðu uppá eiganda nafn, og geymd væri á hæfilegum stað. Þegar nú bæarsjóður kynni að þarfnast bráðabyrgða fjár um tíma, gæti skuldabréf þessi einnig depositum orðið veð fyrir láni því, er þyrfti kynni að taka til að standast bæarins útgjöld fyrri helming ársins, og sem ávallt ætti að endurgjaldast þegar er tekjur bæarins væri við árslok innkomnar.

Vér vonum að hið háa Stiptamt ef það skyldi fallast á þessa uppástungu vora, muni leggja það til, að bæarstjórninni leyfðist þegar fjáreign jarðabókarsjóðsins kynni að leyfa, að afhenda hina umgétnu Obligationir, og leggja þær niður sem depositum og fá

ámóti þeim úr jarðabókarsjóðnum fjárlán sem
skemmri tíma rentufrítt og að upphæð svo mikið að
það nemi hinum vanalega lægsta Cours á konung-
legum óuppsegjanlegum skuldabréfum, en gæti þetta
ekki átt sér stað, mundi menn að öllum líkindum annað
hvort hjá einstökum mönnum eða hjá opinberum stipt-
unum, sem hafa fé liggjandi fyrir án vaxta af því
geta fengið lán það er menn þurfa.

Vér höfum ekki viljað draga að skjóta máli þessu
til íhugunar Stiptamtsins, og vér dirfumst að
vænta, að ef uppástunga vor öðlast meðhald þess
þá muni það þóknanlegast ráða svo um að mál
þetta fái framgang og skulum vér geta þess að
vér vonum í öllu falli að hinn háa Stiptamti
þóknist án tillits til þessa skjals að taka nauð-
synlegar ákvarðanir um bréf bæjarfulltrúanna
frá 8. þ. m., sem sent er með bréfi bæjarfógetans
frá í dag. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Stiptamtinu hefi jeg meðtekið brjef, dags. 29. f.m. er hljóðar þannig:

„Með yðar þóknanlegu brjefi frá 12. þ. m. hafið þjer sent Amtinu uppástungu frá bæjarfulltrúunum um það, að afgreiðslan til jafnaðarsjóðsins af Reykjavíkur bæ verði eptirleiðis, eða frá byrjun næstk. árs, greidd eins og annarstaðar í Amtinu og yfir höfuð af lausafjár upphæð bæjarmanna, og hafið þjer verið þessu meðmæltur.

Útaf þessu leyfi jeg mjer hjer með þjenustusamlega að gefa Yður til þóknanlegrar vitundar, að þar sem brjef yðar ekki kom mjer til handa fyrr en svo sem um tíma áður en póstskipið fór hjeðan í þetta skipti, gat jeg ekki komið því við, að senda málið með minni erklæringu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með því til stjórnarinnar, en uppá mitt
eindæmi get jeg enga breytingu gjört á
því fyrirkomulagi sem nú er með gjald
það, sem hjer ræðir um og verður það
því að standa fyrir næstkomandi ár,
því málið getur ekki komist til stjórn-
arinnar fyrr en með póstskipinu hjeð-
an í næstkomandi Marts mánuði;
sem jeg ekki læt hjálíða hjermeð að tilkynna
hinum heiðruðu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 2 Oct 1862.

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áll
!
það
það
ár,
í
óm-
kjið
ð:!
na

1862.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir hinn 28. f.m. skrifað mjer svolátandi brjef:

„Með þóknanlegu brjefi herra bæjarfógetans af 12. þ.m. hefi jeg meðtekið beiðni bæjarfulltrúanna um, að 320 eða 300 Rd. af láni því, er bæjarsjóðurinn hefir fengið af Thorkilli barnaskólasjóði megi standa inni í bæjarsjóðnum móti 4% leigu og uppsögn í einu lagi á sínum tíma.

Jeg skal ekki láta hjálíða í þessu tilefni að svara: að brjef lögstjórnarinnar af 19. Aug. 1859 hefir samþykkt lánið uppá þá skilmála: 1° að af því sje svarað 4% leigu, 2°; að það verði endurgoldið með 40 rd. árlega á 10 árum, fyrsta borgun 1861, 3° að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessir 40rd. með leigu af hinn eptir-
standandi verði árlega teknir uppí
á öllum bæjarins uns láninu er lokið
og 4°, að þess sje nákvæmlega gætt,
að tjeðir 400rd haldist fyrir utan
niðurjöfnunina þannig að þeir sje
í sjóði bæjarins við hver árslok
óeyddir. —

Fyrir þessar sakir þykist jeg ekki
hafa myndugleika til að veita
hinn umbeðna frest með borgun
lánsins!

Hvað yður hjérmeð gefst til þóknanlegrar
vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 2. Dec. 1862.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd hlutadeigandi nefndar leyfi eg mér hérmed ad senda til venjulegrar medferdar

1. Áætlun yfir tekjur og útgjöld fátækrasjódsins árid 1863.
2. Áætlun yfir tekjur og útgjöld skólasjódsins hid sama ár.

Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 2 Dec 1862

A Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

Útskript

af byggingarnefndarbók Reykjavíkurbæjar.

Aar 1848 den 9 Febr havde Bygnings commissionen i Reykjavik Möde ved den gamle Landfogetbolig for ifölge Stiftamtets Skrivelse af 5te dennes nærmere at bestemme, deels Retningen af den Gade, som paatænkes anlagt igjennem den til bemeldte Huus liggende Have, deels at afmaale de Stykker som vil komme til at ligge udenfor Gadeanlægget, og som paatænkes ~~anlagt~~ afhændet til Communen, som agter selv at bortbytte samme og deels at udvise det til Byggeplads til Factor E. Siemsen.

Paa Byfogdens Vegne og i hans Forfald mödte hans Fuldmægtig Jón Guðmundsson

1. Blev der udlagt til den paatænkte Gade fra Nord til Syd i lige Linie med Kjöbmand Johnsens Vaaningshuus mod Öst og med Kjöbmand Thorgersens Pakhuus mod Vest ligehen til den gamle Kirke-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gaard et Stykke af 10 Al. Bredde
2. Dernæst foreslaaes Deling af Have-
stykket östenfor saaledes at Cand.
P. Melsted udlagdes deraf 30 Al.
fra N. til S. og 15 Al. fra Ø til V.
fra hans vestlige Skurgavl at
regne og til Factor E. Siemsen
Stykket söndenfor af Længde
21 Al. og alla 13 Al. i Bredden
3. Udviste Bygningscommissionen
til Factor E Siemsen til Bygge-
plads i Forbindelse med det alt
Omtalte, det Stykke som Comm.
Bestyrelsen har tilbyttet sig af
Cand P. Melsted imellem Apo-
theket og hans Grund og som
udgjör fra N. til S. 21 Al. og i Bred-
den fra Ø til V. 42 Al.
4. Endelig opmaaltes den til den
gamle Landfogedbolig tilbage-
blivende Have og Gaards-
plads vestenfor den omtalte
Gade saaledes som den nu
findes indtegnet til Vester-
og Syd-Siden og befandtes
samme at udgjöre circa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1050 □ Al.

Videre blev ikke foretaget

Jón Guðmundsson ut supra
Torgeirr Jonasson
H. Schött, H. A. Johnsen, Thorsteinsen

Som overværende
Rosenørn

nærværende
P. Melsted
E. Sveinssen

— ” — ” — ” —

Rjett útskrifað vottar

A. Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit

Herved tillader jeg mig at forespörge den ærede Bygningscommission om de fra dettes Side kan være noget til Hinder for at jeg nedriver mit Pakhuus for at bygge det 3 a 4 Alen bredere ud mod Vest og at jeg tillige önskede at faa udmaalt 3 Alen af den gamle Kirkegaard.

Reykjavik d. 28. Octobr 1862.

Ærbödigst

A. Randrup.

Til

Bygningscommissionen i Reykjavig.

rétt eptirrit vottar

Thorsteinsen

4 4 4 4

Þareð hinn gamli kyrkjugarðir er lagðir út eptir samningi og ekki en afhentur til byggingarstæði af bæarstjórninni leitast hérmeð atkvæði bæarfulltrúanna um málefni þetta

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 28 Okt 1862

Thorsteinsen

Til Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefur með brjefi af 7. þ.m. úrskurðað þannig:

„Eptir að hafa meðtekið bæjarstjórnarinnar þóknanlega erklæringu frá 16. f.m. viðvíkjandi umkvörtun Mr Guðbr. Guðbrandssonar hjer í bænum, útaf því, að honum fyrir yfirstandandi ár hafi verið gjört að greiða hjer til sveitar 3rd., þar sem hann þó ekki sje hjer í bænum heimilisfastur nje hafi hjer fasta atvinnu, og enn fremur fyrir þetta sama ár hafi goldið til sveitar í þeim hrepp, hvaðan hann fór hingað í bæinn, skal jeg leyfa mjer hjermeð þjenustusamlega að láta yður herra bæjarfógeti í ljósi og biðja yður að birta það hlutaðeiganda, að þó ástæða hans að hann ekki sje hjer heimilisfastur og hafi hjer ekki fastan atvinnuveg, geti, að því leyti hann þar á vill byggja, að hann sje hjer útsvarsfrí, ekki til greina komið, því við hvorugt af þessum skilyrðum, er útsvarsskyldan bundin; það er þvert á móti heimilt, að byggja sveitarútsvar á þann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem ekki nema nokkurn part úr ári heldur
til í einhverju sveitarfjelagi, ef hann hefir
þar samastað á þeim tíma, þegar útsvarið
fellur til borgunar.

Þar ámóti virdist eigi betur, en að úr
ástæðu hans, að hann hafi borgað til sveitar
þar vestra – og þetta hefir hann sannað
að hann hafi gjört með vottorði hrepp-
stjóra Jóns Danielssonar í Grundarfirði
dags. 29. Juli þ. á. – hljóti að takast
til greina, því þar segir, að „Herra
G. Gudbrandsson hafi borgað það honum
í haust (: 1861.) áðverða sveitar útsvar".
Því þar sem þetta útsvar, eptir því sem
þar hagar til, hlýtur að hafa verið fyrir
árið reiknað frá haustinu 1861 til
haustsins 1862, þá gjeg ekki betur sjeð,
en að hlutaðeigandi eigi að vera frír
í hinum útsvari frá fyrir þetta tíma-
bil, og að víst er þessi skoðun á málinu
samkvæm þeirri, sem Stiptamtið í úrskurð-
inum frá 2. júni 1856 hefir í samkynja
máli látið í ljósi til sýslumannsins í
Gullbringusýslu útaf útsvari Faktor
Matthiesens, sem frír var þá í hinum.
Eptir því þannig tilgreinda ber
optnefndum Hr. Gudbrandi Gudbrands-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrri að borga hjer útsvar einungis fyrir seinasta kvartal yfirstandandi útsvars-árs með 4 rd 8 s, en að öðru leyti fellur útsvar hans á árinu hjer niður."

Hvað jeg ekki undanfelli hjermeð að tilkynna yður.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 11. Octobr 1862.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]

Extract

af Reykjavik Kjöbstads Kæmner=Regnskab for 3^die Kvartal 1862.

1862	d	Indtægt	Rdlr	ß	Summa
July	1.	Casse=Beholdning	206	71.	
		Resterende Communal=Bidrag fra forrige Aar	245	23.	
		do Vognleie & Afgifter	6	60.	
		Resterende Communal Bidrag for dette Aar	2395	20.	2853. 78.
		Indbetalt af Magnus Thorkelson, Grimstödum for at slaa Höi i Vatnsmyri	1	..	
		ligs af Frw Thorsteinson Afgivt af Jorden Heidarhús	60	81.	
		Indkommen Vognleie	1	24.	63 9
		Rbdlr:			2916 87

1862	Udgivt	Rdr	ß	Summa
	Betalt til Vægter Gudm Gissurson	45	..	
	ligs til Gjordemoder Mdm J Gudjohnsen	26	64.	
	Repræsentanternes & Kæmnerens Bud	10	..	
	Diverse Udbetalinger til Fattigvæsenet	351.	51.	
	Diverse Udbetalinger til Börneskolen	54	16.	
	Udbetalte Arbeidspenge ved Byens Gader	77	–	
	Udgivter til Vandpostene	13	72.	
	Diverse uvisse Udgivter	58	28.	
	Helgafells Præstekald	43	64.	680 7.
Sept 30	Resterende Communalbidrag fra forr Aar	226	4.	
	do for Vognleie & Afgivter fra f. Aar	6	60.	
	do „ Communalbidrag dette Aar	1553	29.	
	Contant Cassebeholdning	450	81.	2236 78.
	Rdlr.			2916 87.

Reykjavik d: 30te Septbr: 1862.

[signature]

fgt Kæmner.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Stiptamtið hafi samþykkt með úr-
skurði frá 7. þ.m. upphæð útsvars þess, er ekkj-
unni Guðrúnu Einarsdóttur á Miðbýli fyrir
þ. á. hefur verið gjört að greiða með 1r 48ß, það
gefst yður hérmeð til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 11. Oct. 1862.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg hefi með brjefi Yðar af 29ᵈᵉ f.m. fengið ítrekun um það, að Magnús Þorkelsson á Grímstöðum hafi á síðastl. vori tekið upp mó nokkurn í Fossvogi þrátt fyrir brjef það, er Þjer hafið ritað mjer um það eptir þann 30. f.m.

Í þessu efni skal jeg ekki láta hjálíða að tilkynna, að jeg á síðastl. vori munnlega ljet M. Þorkelssyni í ljósi, að honum væri alveg fyrirmunað að taka upp mó á téðum stað, en þareð í það óefni var komið, að teknar voru upp í Fossvogi í fyrrasumar og jafnvel undanfarin ár stonkagrafir, sem eru mjög svo hættulegar fyrir skepnur, tjáði jeg M. Þorkelssyni frá, að frá minni hálfu að svo miklu leyti jeg kynni að eiga hlut að máli, væri ekki neitt því til fyrirstöðu að hann í ár með mótuppteku þar á sama stað skæri þessar stonkagrafir fram og var það skilyrði bundið að hann þó ei tæki upp meiri mó en til eigin brúkunar og alls ekki til að selja utansveitarmönnum, hverju hann staðfastlega lofaði, og væri mjer næsta kærkomið, að geta fengið að vita, hvort sögn sú, er bæjarfulltrúarnir hreyfa, að M. Þorkelsson hafi selt mó utansveitarmönnum, sje á rökum byggð eða ekki.

Það má nú að vísu svo vera enda þótt mjer findist ástæða til að útrýmt væri stonkagröfum í Fossvogi, að eptir kringumstæðunum hefði geta verið rjettara að þessu hefði öðruvísi verið komið í lag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

